**Ed.** **620. Breytingartillögur**

við frv. til laga um mentaskóla og gagnfræðaskóla í Reykjavík og á Akureyri.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 4. gr. Á eftir »bekkjum Mentaskólans« komi: svo mörgum sem þarf.
2. Við 12. gr. Á eftir 3) komi nýr liður, sem verður 4), þannig: Í þýsku: Hafa lesið ekki minna en 50 bls. af auðveldu kenslubókamáli og hafa numið ágrip þýskrar málfræði.
3. Við 32. gr. Orðið »atvinnufræði« falli burt.
4. Við 33. gr. Fyrir »gagnfræðaprófi« komi: ungmennaprófi, og fyrir »gagnfræðaprófi hinu meira« komi: gagnfræðaprófi.
5. Við 35. gr. Aftan við greinina bætist: Um stöður þessar og veitingu þeirra gilda ákvæði 1.—8. gr. laga nr. 75 1919, eftir því sem við á.
6. Við 36. gr. Greinin orðist svo:

   Skólanefnd kaupstaðarins hefir á hendi yfirstjórn skólans, og fer um störf hennar eftir ákvæðum 24.—30. gr. laga nr. 40 1926, að því er við á.